



LOFTSLAGSMÁL, LANDNOTKUN OG SKIPULAG

Fagráðstefna Skógræktar, 3.-4. apríl 2019

Hrefna Jóhannesdóttir

(Þórunn Pétursdóttir)



Mynd: Hreinn Óskarsson

Efni fyrirlesturs

- Stefna stjórnvalda í loftslagsmálum – kolefnishlutleysi 2040
- Landnotkun – margir hagsmunaaðilar og fjölbreytt landnotkun
- **Skipulagsmál – stefnumótun svf. og annarra hagsmunaaðila**

SÁTTMÁLI Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis:

- „Ríkisstjórnin vill gera betur en Parísarsamkomulagið gerir ráð fyrir og stefna að **kolefnishlutlausu** Íslandi í síðasta lagi árið **2040**
- Kolefnishlutleysi verði náð með **varanlegum samdrætti** í losun gróðurhúsalofttegunda en einnig með **breyttri landnotkun** í samræmi við alþjóðlega viðurkennda staðla og með hliðsjón af vistkerfisnálgun og **skipulagssjónarmiðum**
- Stutt verður við atvinnugreinar, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög í þeirri viðleitni að setja sér loftslagsmarkmið“.



Landnotkun og loftslagsmálin

Sveitarfélögin verða að hafa yfirsýn yfir tækifærin sem felast í fjölbreyttri landnotkun -> marka sér stefnu



- Fjölbreytni landnotkunar er að aukast og að sama skapi eykst eftirspurn eftir landi til fjölbreyttra landnota.
- Loftslagsmálin ganga þvert á alla málaflokka.
- Tækifæri fólgin í græna hagkerfinu

Landnotkun - tækifæri

Stöðva landeyðingu – auka kolefnisbindingu



Sveitarfélögin þurfa stuðning við að setja sér markmið í loftslagsmálum:

- Draga úr losun GHL
- Auka áherslu á nýsköpun
- Fjölbreytt landnotkun
- Skýr forgangsröðun aðgerða

Aukinn skilning á sjálfbærni og samlegðaráhrifum!

Metnaðarfull markmið varðandi endurheimt vistkerfa og aukna skógrækt til timburframleiðslu.

Valahnúkur



Ljósmynd: Einar Þ. Guðjohnsen




Ljósmynd: Hreinn Óskarsson

DILBERT by Scott Adams



Twitter: @scottadamssays



Nýta þarf allar aðferðir í baráttunni við loftslagsvandann

- Endurheimta votlendi og birkiskóga
 - Um 8 milljón tonn CO₂ losna árlega úr framræstum úthaga
 - 1,7 milljón tonn CO₂ frá framræstum túnum
- Binda kolefni með skógrækt og landgræðslu
- Með auknum fjárframlögum mætti fjórfalda landgræðslu og skógrækt á Íslandi
 - Nægt landrými
 - Næg þekking
 - Flestir innviðir til staðar
- Árið 2060 mætti binda í skógi 1,4 milljónir tónna CO₂ og tryggja sjálfbærni í viðar/timburframleiðslu





Átak í kolefnisbindingu og bættri landnotkun

- Marka þarf langtímastefnu skógræktar, landgræðslu og verndun/endurheimt votlendis í samræmi við stefnur og lög.
- Langtímastefnan varðar skipulag og rekstur, uppbyggingu atvinnulífs og byggðapróun, viðbrögð við loftslagsvanda, hagvarnir, rannsóknir, afurðir úr skógum, náttúruverndarsjónarmið, landnotkun og fræðslu og menntun.
- Mikilvægt að hafa yfirsýn yfir þá möguleika sem eru til staðar í hverju sveitarfélagi fyrir sig.
 - ⇒ skipulagsgerð svo sem land- og landshlutaáætlun í skógrækt og landgræðslu.
 - ⇒ skýrari sýn í aðalskipulagi hvers sveitarfélags varðandi málaflokkinn.

Landshlutaáætlanir í skógrækt & svæðisáætlanir um landgræðslu

- Ráðherra leggur á fimm ára fresti fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um *landsáætlun í skógrækt og landgræðsluáætlun* til tíu ára í senn
- Áætlunin skal kveða á um stöðu og framtíð skógræktar og landgræðslu í landinu, stefnu stjórnvalda varðandi málaflokkinn og hvernig megi draga fram hagrænan, umhverfislegan og samfélagslegan ávinning af aðgerðum tengdum málaflokknum.
- Ráðherra skipar tvær 5 manna verkefnisstjórnir sem hvor um sig hefur yfirumsjón með áætluninni. Einn fulltrúi er tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

(Úr lögum um landgræðslu og drögum að nýjur skógræktarlögum)





Landshlutaáætlanir í skógrækt & svæðisáætlanir um landgræðslu

- Skógræktin og Landgræðslan skulu í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila vinna áætlun fyrir hvern landshluta á grunni landsáætlananna.
- Landshlutaáætlanirnar eiga að tilgreina skóga, skógræktarsvæði og landgræðslusvæði, auk annarra svæða sem leggja skal áherslu á í skógrækt og landgræðslu.
- Skógræktin og Landgræðslan skulu kynna drög að áætlunum opinberlega og óska eftir umsögnum.
- Áætlun skal síðan birtast opinberlega og endurskoðast eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

(Úr lögum um landgræðslu og drögum að nýjur skógræktarlögum)

Sveitarfélögin



- Sveitarfélögin gegna lykilhlutverki fyrir aðgerðir stjórnvald í loftslagsmálum
- Samkvæmt Umhverfisstofnun SP eru 70% aðgerða til þess að draga úr losun og 90% fyrirbyggjandi aðgerða bundnar sveitarstjórnarstiginu.
- Mikilvægi sveitarstjórnarstigsins snýr ekki hvað síst að framkvæmdarþættinum -> aðgerðir verða að henta aðstæðum.
- Mikil nálægt í sveitarstjórnarstigi og nærsamfélagi.



Sveitarfélögin gegna lykilhlutverki...

- Hekluskógar - Endurheimt birkiskóga í nágrenni við Heklu
- Uppgræðsla í nágrenni Þorlákshafnar - Þorláksskógar
- Uppgræðsla í nágrenni Víkur í Mýrdal
- Endurheimt votlendis við Djúpavog
- Sveitarfélög hafa styrkt verkefni Landgræðslunnar á þeirra svæðum s.s. Bændur græða landið
- Sveitarfélög hafa staðið að ræktun skóga í samstarfi við skógræktarfélög og eru útivistaraskógar í nágrenni þéttbýlis víða um land



Dæmi um stöðumat sveitarfélags - Sveitarfélagið Ölfus

- Sveitarfélagið Ölfus er um 737 ferkílómetrar að stærð.
 - Miklir möguleikar á bættum landgæðum með skógrækt og landgræðslu en skv. Héraðsáætlunum Landgræðslunnar er landgræðsluþörf á um 66 ferkílómetrum
 - Samvinnuverkefni Sveitarfélagsins Ölfus, Skógræktarinnar og Landgræðslu ríkisins **Þorláksskógar** formlega sett á laggirnar vorið 2018 - nær til um 46 ferkílómetra - hvernig eru hinir 690 ferkílómetrarnir nýttir?
- Með landshlutaáætlun er hægt að stuðla að:
 - Minna álagi vegna landeyðingar
 - Aukinni kolefnisbinding
 - Meiri nýtingarmöguleikum, s.s. til útivistar (lýðheilsan!)
 - Endurnýjarlegum afurðum, s.s. timburnytjum

Enginn getur
allt, en allir
geta
eitthvað!

